

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Júní 2017

## Skráð atvinnuleysi var 1,8% í júní

Skráð atvinnuleysi í júní var 1,8% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá maí. Að meðaltali voru 306 færri á skrá í júní í ár en í júní í fyrra (2016), en þá mældist atvinnuleysi 2,0%.

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu. Atvinnuleysi minnkaði hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,2 prósentustig á landsbyggðinni en breyttist ekki á höfuðborgarsvæðinu.

Alls höfðu 813 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní en voru 1.026 í júnílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 213 milli ára.

Greiddar voru 695 milljónir í atvinnuleysistryggingar í júní og 915 milljónir í fæðingarorlof.

Í júní komu alls inn 222 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 129 (58%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum, um 11% á hvoru


svæði. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða þó mest sé um ýmis störf tengd ferðaþjónustu og byggingariðnaði.

Alls tóku um 350 manns þátt í ýmis konar grunnúrræðum hjá Vinnumálastofnun í júní. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Um 175 manns sátu ýmis konar námskeið, 34 unnu að þróun eigin viðskiptahugmyndar og 31 var í atvinnutengdri endurhæfingu.

Alls voru 960 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júní eða um 25% allra atvinnulausra. Er þetta nánast sami fjöldi og í maí. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 566 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá.

Í júní gaf Vinnumálastofnun út 183 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 938 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í júní voru 87 ný leyfi, 66 framlengd og 28 leyfi til námsmanna. Af 87 nýjum leyfum var 41 leyfi veitt á grundvelli skorts á starfsfólki vegna framkvæmda í tengslum við lagningu háspennulínu milli Bakka við Húsavík, Kröfluvirkjunar og Þeystarreykjavirkjunar.

Skráð atvinnuleysi frá júní 2015 til júní 2017



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í júní og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í júní mældist eins og fyrr segir 1,8% og voru að jafnaði 3.483 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 113 á atvinnuleysissskrá frá maí.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu í júní. Atvinnuleysið minnkaði hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,2 prósentustig en var nánast óbreytt á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var mest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum í júní eða 2,0% og var nánast óbreytt

2,1% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar nokkuð milli ára og er nú 0,1 prósentustigi lægra meðal karla og 0,4 prósentustigi lægra meðal kvenna en í júní 2016. Alls voru 424 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok júní í ár sem samsvarar um 1,4% atvinnuleysi. Atvinnulaus ungmenni voru 535 í júní 2016 og hefur þeim því fækkað um 21% milli ára. Lítilsháttar fjölgun var hins vegar í aldurshópum 40 til 54 ára milli ára. Hins vegar var fækkun í öðrum aldurshópum, mest hlutfallslega í aldurshópum yfir 55 ára.


## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 813 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní en voru 1.026 í júnílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 213 milli ára. Þeir sem höfðu verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fækkaði um 30 frá maí og voru 1.713 í lok júní. Hins vegar fækkaði þeim um 300 frá júní í fyrra.

## Starfsstéttir og atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í öllum starfsstéttum frá júní 2016 nema hvað sjómönnum og véla- og vélgæslufólki fjölgaði. Hins vegar hefur atvinnulausu véla- og vélgæslufólki fækkað frá maí í ár, líkt og atvinnulausum

Atvinnuleysi eftir landshlutum



frá fyrri mánuði. Atvinnuleysi var 1,9% á Norðurlandi eystra, en hafði lækkað þar um 0,2 prósentustig frá fyrri mánuði. Hlutfallslega lækkaði atvinnuleysið mest á Norðurlandi vestra og fór úr 0,9% í maí í 0,6% í júní.

Alls voru 1.630 karlar að jafnaði atvinnulausir í júní og 1.853 konur og var atvinnuleysi 1,5% meðal karla og

## GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

# 695 milljónir Í JÚNÍ

**Þar af voru:**

**634 milljónir** vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

**25 milljónir** vegna barnadagpeninga.

**36 milljónir** vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.


í flestum starfsstéttum, en fjölgun var meðal atvinnulausra sérmenntaðra frá maí í ár.

Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fleiri eru nú á skrá í sjávarútvegsgreinum en fyrir ári, en atvinnulausum fækkar í flestum öðrum greinum, einkum í félaga- og menningarstarfsemi og persónu- tengdri þjónustu, fjármála- og tryggingastarfsemi, verslun og flutningastarfsemi og upplýsinga- og fjarskiptagreinum.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 960 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júní eða um 25% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 3 frá maí. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 566 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Þessi fjöldi samsvarar um 4,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



### Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi breytist yfirleitt lítið yfir sumarmánuðina og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að atvinnuleysi verði á bilinu 1,7-1,9% í júlí.

Gera má ráð fyrir að fækkun meðal atvinnulausra verði mest meðal þeirra sem hafa starfað í greinum þar sem þenslan hefur verið hvað mest, einkum ferðaþjónustu- tengdum greinum og verslun og flutningastarfsemi. Einnig má í júlí búast við árstíðabundinni fækkun atvinnulausra sem starfað hafa við fiskvinnslu.

### Þjónusta við atvinnuleitendur


## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 604 einstaklingar af skrá í júnímánuði, þar af fóru 386 í vinnu eða um 64%. Þá voru 136 einstaklingar (23%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok júní eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 15 af skrá þar sem þeir fóru í fæðingarorlof, 19 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingar- eða meðferðarúrræði, 25 manns fóru í orlof og fóru því tímabundið af skrá á meðan og 23 nefndu ýmsar aðrar ástæður.

Ástæður afskráningar



Um 52% þeirra sem fóru af skrá voru karlar og 48% konur. Um 29% höfðu verið atvinnulausir í hálf tveggja mánaða lengur. Um 78% þeirra sem voru afskráðir í júní voru Íslendingar, 12% voru Pólverjar og 10% af öðru þjóðerni.


Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur

og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

## Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 10 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í júní þar sem fyrirtæki fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru 105 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í júní og skiptist það nokkuð jafnt eftir kynjum.

Yfir helmingur þeirra sem voru í slíkum úrræðum í júní höfðu lokið grunnskólaprófi og um fjórðungur háskólanámi. Allnokkur munur er á kyni hvað þetta varðar, en mun hærra hlutfall kvenna í starfsþjálfunarúrræðum hafði lokið háskólanámi.



## Auglýst störf í vinnumiðlun í júní

Í júní komu alls inn 222 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 129 (58%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum, um 11% á hvoru svæði. Um 20% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða um 39% auglýstra starfa. Annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar.

## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni.

Alls tóku um 350 manns þátt í ýmis konar grunnúrræðum hjá Vinnumálastofnun í júní. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða s.s. starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, markmiðasetning og sjálfsstyrking. Þá mættu 385 nýir atvinnuleitendur á kynningarfundum víðs vegar um landið þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nytsamleg verkfæri í atvinnuleitinni.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í júní unnu 34 einstaklingar að slíkri hugmynd, 15 karlar og 19 konur, af þeim voru 3 erlendir ríkisborgarar. Nærri helmingur þeirra sem unnu að þróun eigin viðskiptahugmyndar var með háskólapróf og flestir hinna með einhvers konar framhaldsskólamenntun að baki.

Þá var 31 einstaklingur í atvinnutengdri endurhæfingu í júnímánuði, 13 karlar og 18 konur. Ríflega helmingur þeirra var á aldrinum 18-29 ára sem er mun hærra hlutfall en er á skrá úr þessum aldurshópi.

Atvinnuleitendum stendur til boða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka námskeið og fög á framhalds- og háskólastigi samhliða atvinnuleit sinni.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	32	14%
Þjónustustörf	40	18%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsölustöðum	25	11%
Iðnaðarmenn	25	11%
Bílstjórar og vélafólk	13	6%
Verkafólk í þjónustu	40	18%
Verkafólk í landbún, garðyrkju	47	21%
Samtals	222	100%


Eðli máls samkvæmt fækkar mjög í þeim hópi yfir sumarmánuðina og í júní nýttu 50 einstaklingar þann rétt sinn. Konur voru þar í meirihluta eða um 75%.

Um 175 manns voru á ýmis konar námskeiðum í júní. Þar af voru um 70 á tungumálanámskeiðum, fyrst og fremst þá erlendir ríkisborgarar á íslenskunámskeiðum. Á tölvu-, bókhalds- og skrifstofunámskeiðum voru um 55 manns og um 50 manns á annars konar námskeiðum. Konur eru yfir helmingur þátttakenda í slíkum námskeiðum, eða um 55%.

### Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjá mánuði fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Við slíkar kringumstæður heldur atvinnuleitandi réttindum sínum áfram á Íslandi meðan á atvinnuleit stendur í öðru landi. Í júní fengu 57 einstaklingar U2 vottorð sem er nánast sami fjöldi og mánuðinn á undan. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 67%.

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa einnig þann möguleika að flytja réttindi sín í atvinnuleysistryggingakerfinu til annars EES ríkis. Í júní voru 43 einstaklingar sem nýttu sér slíkan rétt sinn og fluttu flestir þeirra réttindi sín til Póllands eða 42%.



Fáir atvinnuleitendur frá Evrópu hafa komið til Íslands í atvinnuleit á U2 vottorði, eða aðeins 5 í júní og samtals 29 manns það sem af er árinu. Flestir þeirra hafa komið frá Danmörku, eða 62%.

## Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

### Útlendingar á vinnumarkaði

Erlendu starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað hratt á árinu. Vinnumálastofnun áætlar að erlendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði hafi verið um eða yfir 24.000 nú í júnímánuði, ríflega 14.000 karlar og um 10.000 konur. Erlendir ríkisborgarar eru þá um 12% af vinnuaflinu og er hlutfallið hærra meðal karla en kvenna. Flestir útlendingar sem hér starfa koma frá ríkjum evrópska efnahagssvæðisins, ráðnir beint af fyrirtækjum og þurfa ekki sérstök atvinnuleyfi. Mikil aukning hefur einnig orðið í útgáfu atvinnuleyfa til starfsmanna sem koma utan EES, sem og fjölgun starfsmanna sem koma í gegnum starfsmannaleyfi og á vegum erlendra þjónustufyrirtækja. Um það er fjallað nánar hér á eftir.


### Vinnumálastofnun hefur gefið út 540 atvinnuleyfi til nýrra þátttakenda á innlendum vinnumarkaði

Í júní gaf Vinnumálastofnun út 183 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 938 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í júní voru 87 til útlendinga sem eru að koma nýir inn á íslenskan vinnumarkað, 66 framlengd leyfi, tvö á grundvelli þjónustusamnings og 28 leyfi til námsmanna. Af 87 nýjum leyfum var 41 leyfi veitt á grundvelli skorts á starfsfólki vegna framkvæmda í tengslum við lagningu háspennulínu milli Bakka við Húsavík, Kröfluvirkjunar og Þeystarreykjavirkjunar.

Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun gefið út 540 atvinnuleyfi til nýrra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Er hér átt við útlending sem kemur nýr inn á vinnumarkað á Íslandi eða kemur aftur eftir hlé. Hér eru ekki teknir með námsmenn sem fá veitt leyfi þar sem atvinnuþátttaka þeirra er takmörkuð við að hámarki 40% starf með námi. Fyrstu sex mánuði ársins 2016 gaf Vinnumálastofnun út 349 slík leyfi og fyrstu sex mánuðina árið 2015 gaf stofnunin út 328 slík leyfi. Er því um að ræða 55% aukningu frá árinu 2016.

Séu útgefin atvinnuleyfi til námsmanna einnig skoðuð kemur í ljós að fjöldi nýrra námsmanna inn á íslenskan

vinnumarkað hefur tvöfaldast milli ára 2016 og 2017. Fyrstu sex mánuði ársins 2016 gaf Vinnumálastofnun út 45 atvinnuleyfi til nýrra námsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Fyrstu sex mánuði þessa árs eru slík útgefin leyfi orðin 91.



## Útgáfa atvinnuleyfa er umfram spá Vinnumálastofnunar

Sú aukning sem orðið hefur á útgefnum atvinnuleyfum fyrstu sex mánuði ársins 2017 miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2016 er umfram spá Vinnumálastofnunar. Stofnunin spáði því að útgefnum atvinnuleyfum, þ.e. nýjum og framlengdum, myndi fjölga um 22% árið 2017 frá árinu 2016 en fyrstu sex mánuði ársins hefur stofnunin gefið út 30% fleiri en fyrstu sex mánuði ársins 2016. Verði þróunin á þessu ári áfram slík má gera ráð fyrir að Vinnumálastofnun muni gefa út yfir 2.000 atvinnuleyfi á þessu ári, en engar vísbendingar eru um annað en að sama þróun muni halda áfram það sem eftir er af árinu 2017. Til samanburðar þá gaf Vinnumálastofnun út 1.525 atvinnuleyfi allt árið 2016 og 1.179 atvinnuleyfi árið 2015.

## Starfsmönnum starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja fjölgar töluvert á milli mánaða

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 43 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja voru samtals 533 og hefur þeim fjölgað um 159 frá síðasta mánuði.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.665 í mánuðinum á vegum 29 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað til muna á milli mánaða, eða um 448.

Af þeim 29 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í júní voru 18 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.568 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 97. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum.

Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í júní voru því samtals 630 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Hér er því um að ræða töluverða fjölgun á bæði starfsmönnum starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja á milli mánaða.

**FÆÐINGARORLOFS-  
SJÓÐUR GREIDDI**

**915 milljónir**

til 1.261 karls og 2.766 kvenna  
í júní 2017

**ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA  
GREIDDI**

**19 launamönnum**

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í júní

## Eftirlit á vinnumarkaði

Vinnumálastofnun hóf í júní eftirlit með hópþreifreiðum og öðrum aðilum í atvinnurekstri sem koma með Norrænu til landsins

Í því skyni að hafa eftirlit með erlendum fyrirtækjum sem senda hópþreifreiðar með ökumönnum hingað til lands hafa fulltrúar frá Vinnumálastofnun farið í júní á Seyðisfjörð þegar Norræna leggst þar að höfn.

Fyrsta ferðin var farin um miðjan júní í góðu samráði við starfsmenn tollstjóra á Seyðisfirði. Með þessu móti getur stofnunin kortlagt það betur hverskonar atvinnurekstur er að koma til landsins í gegnum

Norrænu og krafist þess að fyrirtæki starfi í samræmi við lög nr. 45/2007 strax frá upphafi, þegar það á við.

Áætlað er að fulltrúi stofnunarinnar fari á Seyðisfjörð vikulega í sumar til að fylgjast með innkomu aðila í fyrirtækjarekstri í landið í gegnum Norrænu.

### HÓPUPPSAGNIR Í júní var tilkynnt um 2 hópuppsagnir

þar sem 71 starfsmanni var sagt upp störfum, 41 í þjónustu og 30 í verslun.



### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra